

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskadur. Akærði Gísli Hjálmarsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn málsfærslumanns Gísla Ísleifssonar og cand. juris Hannesar Thorsteinsson, 10 kr. til hvors þeirra.

Iðgjöldin greiðist, áður liðnar sju 8 vikur eptir lögbirtingu dómsins og skal honum að öðru leyti fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 17/1897:

Rjettvísing

ægn

síra Halldóri Bjarnarsyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 14. desembermán. f. á. var hinn ákærði Halldór Bjarnarson prófastur á Presthólum dæmdur til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir gripdeild eptir 239. gr. almennra hegningarlaga 25 júní 1869, sbr. 250. og 230. gr. sömu laga, til að greiða skaðabætur, 23 kr., Guðmundi Guðmundssyni, og 16 kr. Þórarni Benjamínssyni, til að greiða 5 kr. sekt fyrir ósæmilegan rithátt í varnarskjali sínu, og loks til að greiða allan kostnað málsins í hjerði. Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hins ákærða.

Hinn ákærði, sem var þjónandi prestur að

Presthólum og prófastur í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi, þegar mál þetta hófst, er ákærður og dæmdur fyrir sakir þær, er nú skal greina. Laugardaginn 23. júlí 1892 skipaði ákærði 2 verkamönnum sínum, Birni Guðmundssyni og Magnúsi Magnússyni, að byggja lítinn fjárhússkofa niður við sjó á Presthólum, sýndi þeim kofastæðið og fór síðan af heimili sínu í embættisferð. Úr þeirri ferð kom hann eigi aptur fyrr en næsta þriðjudag. Verkamennirnir byggðu kofann og tóku til innviða í hann, án leyfis eiganda, 7 spýtur, sem Guðmundur Guðmundsson á Nýjabæ átti; hafði hann flutt spýtur þessar með öðrum trjávið utan af Brekkurönd við Kópasker, en sökum hvassviðris orðið að lenda með timbrið í svokallaðri Skonsu á Presthólafljóru og leggja það þar upp í fjórana, án þess að nokkrum manni á Presthólum væri kunnugt um það. Þessi timburflutningur átti sjer stað 23. júlí 1892, sama dag og byrjað var að byggja áðurnefndan kofa, og var timbrið lagt upp á Presthólafljóru kl. 9 um kveldið. Þegar verkamenn ákærða reistu kofann, sem þeir hafa skýrt frá að hafi verið næsta miðvikudag á eptir, atvikaðist það þá að þeir tóku 7 spýtur af þessum trjávið Guðmundar og notuðu þær til kofareisingarinnar, og fóru þeir í því efni að nokkru leyti eptir tilvísun Skúla Metúsalemssonar heimamanns ákærða, en allir hugðu þeir að spýturnar væru eign ákærða. Nokkrum dögum síðar og eptir að kofinn var fullgjör, tjekk ákærði vitneskju um, að óheimilar spýtur höfðu verið teknar til kofabygg-

ingarinnar og segist hann þá hafa gjört eigandanum boð um, að hann vildi bæta fyrir misgripin og borga spýturnar; það er enda komið fram í málinu, að ákærði hafi þá viljað láta rífa kofann, svo að eigandinn gæti fengið spýtur sínar. Það virðist þó ekkert hafa orðið úr þessu. En af útnefningarskjali sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, dags. 24. apríl 1893, sjest það, að ákærði hefur þá verið búinn að biðja um menn útnefnda af dóm-aranum til þess að virða spýturnar í viðurvist eigandans, Guðmundar Guðmundssonar, og sýnir þessi útnefningarbeiðni ákærða, sem kom fram löngu áður en rjettarrannsókn byrjaði í máli þessu, að hann hafi viljað greiða rjett og sanngjarnlegt verð fyrir spýturnar. Þar sem nú engin átylla er fyrir því í málinu, að ákærða hafi verið kunnugt um það, að verkamenn hans tóku spýtur Guðmundar til kofabyggingarinnar, því síður að hann hafi gjört fyrirskipan í þá átt og þar sem prófin eigi heldur gefa neitt tilefni til þess að álita, að ákærði hafi viljað dylja eða leitast við að dylja misfangann, eptir að honum varð kunnugt um hann, og þar sem loksins ekkert atvik í framkomu hans síðar er svo vaxið, að með nokkru móti verði sagt, að hann hafi eptir á kastað eign sinni á spýturnar, — verður eigi álitið, að ákærði hafi, að því er spýtur þessar snertir, gjört sig sekan í nokkru því athæfi eða vanrækslu, er saknæmt sje eptir hegningarlögunum.

Önnur sakargiptin gegn ákærða er sú, að hann hafi, eptir að yfirrjettardómurinn 27. apríl

1891 var uppkveðinn, hirt landgögn og molviðarreka á fjörum jarðanna, Valþjófsstaðar og Einarsstaðar, í svo kallaðri Magnavík, þrátt fyrir það þó smáreki þessi hafi verið frádæmdur Presthólum, ábúðarjörð ákærða, með áðurnefndum yfirrjettardómi. Ákærði hefur kannazt við það að hann hafi hirt dálítið af molvið á Magnavíkurreka, eptir að yfirrjettardómurinn var upp kveðinn; en hann tjáir að sjer hafi verið ókunnugt um innihald dómsins og að hann hafi álitid, og fyrir því áliti sinu hafi hann haft orð málflutningsmanns, að með tjeðum dómi væri ekkert dæmt um eignarrjettinn að rekanum, þar málið væri að eins skadabótamál. Umræddan reka hafi formenn hans í Presthólaprestakalli hirt, og hafi hann talið það rjett og heimilt fyrir sig, að fara að dæmi þeirra, þar eð hann sje sannfærður um að Presthólakirkja eigi rekann. Þó að álíta mætti að hinn tilvitnadi dómur yfirrjettarins, sem að visu aðallega ræðir um skadabótakröfu og skilyrðin fyrir henni, hafi kveðið svo á að landgögn og molviðarreki í Magnavík heyri undir Einarsstaði (og Valþjófsstaði), verður molviðartaka hins ákærða í Magnavík, eptir að dómurinn var uppkveðinn, sem hann alls eigi för dult með, eigi talinn þjófnadur eða gripdeild eptir atvikum þeim, sem að henni lúta og hjer hefur verið frá skýrt, en að svo miklu leyti, sem hún kann að vera ólögleg sjálftaka, á rjettvísin ekki sókn á því máli. Ákærði verður því eigi í máli þessu dæmdur fyrir áminnzta molviðartöku.

Þriðja sakargiptin gegn ákærða er sú, að

hann hafi veturinn 1891—92 tekið og hagnýtt sjer 4 »skipbunka« (skipsbönd) tilheyrandi Þórarni Benjamínssyni af viðum, sem honum (Þórarni) höfðu skipzt úr strönduðu skipi »Ida«, og enn fremur veturinn 1892—93 stefnispart úr sama skipi, sem ákærði og nefndur Þórarinn áttu í sameign. Skip þetta strandaði árið 1887; var það þá selt á uppboði, og þó að einn maður stæði fyrir uppboðskaupinu, varð það síðar eign fleiri manna í fjelagi; meðal þeirra voru hinn ákærði og Þórarinn Benjamínsson; voru þeir ásamt öðrum í sameign um  $\frac{1}{3}$  hluta skipsviðanna. Skipsskrokkurinn var svo rifinn árin þar á eptir og fluttu fjelagsmenn, eigendurnir, viðinn smátt og smátt heim til sín. Hefur nú Þórarinn Benjamínsson borið það á ákærða að hann hafi heimildarlaust tekið og flutt heim til sín og hagnýtt sjer ofanefnda »skipbunka« og stefnispart. Það er nú og sannað í málinu og viðurkennt af ákærða, að hann hafi látið flytja heim til sín og hagnýtt sjer timbur þetta. En skipsbunkana þykist hann hafa átt og telur að þeir hafi komið í sinn hluta við skiptinguna, og stefnispartinn vildi hann álíta sjer heimilt að taka, með því að honum þótti Þórarinn hirða meira en honum bar af sameignarhluta þeirra af skipsviðunum. Sjerstaklega hefur hann tekið það fram, að Þórarinn hafi án leyfis síns hirt kjalsvín úr skipinu, sem sjer (ákærða) hafi skipzt. Svo segir og ákærði, að við síðari skipti á hluta þeirra í skipsviðunum og vegna þess að þeir hafi tekið inn í fjelagið fjórða mann, er hann

hefur nafngreint, hafi honum, ákærða, tilfallið  $\frac{1}{5}$  hluti af því, sem Þórarni skiptist upprunalega, og hefur Þórarinn kannazt við, að ákærði hafi farið þessu fram, en hann þykist eigi hafa viljað samþykkja það og hafi hann vikið kröfu prófasts frá sjer; kjalsvínið segir Þórarinn að ákærði hafi fengið aptur frá sjer. Að þeir ákærði og Þórarinn Benjamínsson hafi þóttzt vera í sameign um  $\frac{1}{2}$  hluta strandskipsins »Ida« ásamt þriðja manni og að þá hafi verið spurning um að taka fjórða manninn í þetta sameignarfelag, má sjá af brjefi því í rjettargjörðunum, sem þeir báðir hafa undirskrifad 12. nóv. 1887. Skýrslurnar í málinu um skiptinguna á viðunum úr strandskipinu eru fremur óljósar og mjög á reiki og margir eru vitnisburðirnir fremur hvarflandi; um samskipti þeirra ákærða og Þórarins gefa vitnisburðirnir fremur litlar upplýsingar fram yfir það, sem þeir sjálfir hafa skýrt frá fyrir rjettinum. Það er ljóst, að ósamlyndi og ágreiningur hefur komið upp út af skiptingunni á strandviðunum og hlutadeigendur allir hafa reynt að ná í svo mikið hver í sinn hlut, sem honum ítrast bar. Þannig hefur það og verið með ákærða og Þórarinn; fjegirud hefur knúð þá til yfirgangs og hvor þeirra framfylgir svo freklega sínum meinta rjetti, sem hann ítrast getur, svo sem komið hefur fram um ádurnefnt kjölsvín og stefnispart. En það eru engar skýrslur komnar fram í málinu, er heimili það, að dæma ákærða sekan fyrir þjófuad eða gripdeild, að því er snertir skipsbunkana og stefnispartinn, sem á-

líta verður að hann hafi tekið til sín með þeirri sannfæringu, að hann hefði rjett til að hirða þá og hagnýta sjer.

Með skirskotun til hins framanritaða verður að sýkna hinn ákærða í máli þessu bæði að því er refsingu og iðgjöld snertir, en fyrir ósæmilegan rithátt í varnarskjali sinu í hjerði verður hann að sektast og þykir sektin hæfilega ákvedin 10 kr., er hálf renni í landssjóð og hálf í sveitarsjóð Presthólahrepps. Allur kostnaður málsins bæði í hjerði og fyrir yfirdómi greiðist úr landsjóði, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákvedast 12 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, þótt lengi hafi staðið á rannsókn þess, og að málfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

#### Því dæmist rjett vera:

Ákærði, prófastur Halldór Bjarnarson, á að vera sýkn fyrir ákæru rjettvisinnar í þessu máli, en greiði 10 kr. sekt fyrir ósæmilegan rithátt, er renni að helmingi í landssjóð og að helmingi í sveitarsjóð Presthólahrepps. Allur kostnaður málsins bæði í hjerði og fyrir yfirdómi greiðist úr landsjóði, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn cand. jur. Hannesar Thorsteinsson og málsfærslumanns Gísla Ísleifssonar, 12 kr. til hvors þeirra.

Sektin eptir dómi þessum greiðist áður liðnar sjeu 8 vikur eptir lögbirtingu hans, að viðlagðri laga aðför.

Þá Mánudaginn 13. septembermánaðar.  
 Nr. 26/1897: Rjettvísinn  
 gegn  
 Sigurbirni Guðmundssyni.

### D ó m u r:

Með aukarjettardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 13. apríl þ. á., var hinn ákærði sýknaður af ákæru rjettvísinnar fyrir þjófnað, en dæmdur fyrir ólöglega lausamennsku í 20 kr. sekt, er renni að hálfu í fátækra sjóð Arnarneshrepps og að hálfu til hreppstjóra þar; svo var hann og dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með taldar 5 kr. í málsvarnarlaun til talsmanns síns í hjeraði, amtskrifara Júlíusar Sigurðssonar. Þessum dómi, sem hinn ákærði hefur viljað una við fyrir sittt leyti, hefur verið skotið til yfirdómsins af hálfu hlutað-eigandi amtmanns.

Að því er snertir þjófnaðarákæruna á hendur ákærða, eru atvik málsins þau, að Sigurbjörn nokkur Kristjánsson úr Þingeyjarsýslu var 16. des. f. á. staddur í verzlunarbúð einni á Akureyri og hafði milli handa vasabók, er í voru úttektarmiðar nokkrir, er hann hafði sjer til minnis við úttektina, og 10 króna sedill einu. Þegar Sigurbjörn þessi fór út úr búðinni, gleymdi hann